

- d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkv. a.-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1977, 300 000 kr. og hjá hjónum 500 000 kr.
3. Eigi skal gjald þetta lagt á þá, sem ekki yrði gert að greiða útsvar væri það 10% af gjaldstofni sem ákvarðaður er samkvæmt 2. tl., að fráðreginni lækkun útsvars samkv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum. Sjúkra-tryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 68 15. júní 1971, með síðari breytingum.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.—4. tl. þessa ákvæðis, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

31. desember 1977.

Nr. 71.

L Ö G**um verðjöfnunargjald af raforku.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi en Orkubú Vestfjarða 20%.

2. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. 1. nr. 83/1974 kemur: 1978.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.